

**Katrín Jakobsdóttir**  
**Forsætisráðherra**  
**Alþingi**  
**101 Reykjavík**

Kópavogur, 13. febrúar 2023

Þann 20. maí 2019 sendi undirritaður tölvupóst með [beiðni um opinbera rannsókn](#) til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis og allir alþingismenn fengu afrit. Þar var óskað eftir að gerð væri opinbera rannsókn vegna alvarlegra annmarka á vinnubrögðum starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi. Það var síðan í fjórgang, þ.e. 15. ágúst, 11. september, 24. september og 8. október 2019 send ítrekun til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar en á þessum tíma var Helga Vala Helgadóttir formaður. Það var einnig auglýst í blöðum haustið 2019 og óskað eftir viðbrögðum. Beiðnin var síðan ítrekuð við stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd þann 26. mars 2021 en þá var Jón Þór Ólafsson formaður nefndarinnar. Þrátt fyrir allar þessar tilraunir hafa engin viðbrögð eða svör fengist. Greinilegt að flestir hafa ekki áttað sig á alvarleika málsins, frekar en að þeir hafi viljað hylma yfir verknaðinn. Það er einnig ljóst að hagsmunaaðilar höfðu grafið um sig í kerfinu, rekið mikinn áróður um mikilvægi þessa fyrir atvinnulíf á viðkomandi svæðum.

Undirritaður gerði alvarlegar athugasemdir við vinnubrögð áðurnefnds starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og telur að þau samræmist ekki á nokkurn hátt góðum stjórnsýsluháttum og kunni í ákveðnum tilvikum að fara gegn ákvæðum stjórnsýslulaga. Það sem engin viðbrögð voru við minni beiðni um opinbera rannsókn var farið af stað með verkefnið „[Samfélagsverkefni gegn spillingu](#)“ í byrjun ársins 2022 til að vinna að framgangi. Í þessu samhengi hefur m.a. verið birt rannsóknaskýrslan „[Stefnumótun í fiskeldi: Umræðan, tillögurnar og staðan](#)“ en þessi skýrsla og fleiri gögn sem undirritaður hefur tekið saman ætti að geta nýst við umbeðna rannsókn.

Vegna þeirra alvarlegu annmarka á þeim gögnum sem breytingar á lögum um fiskeldi á árinu 2019 byggði á, telur undirritaður að forsætisráðherra og stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis beri að taka málið upp og rannsaka og eftir atvikum að skipa óháða rannsóknaraðila til að yfirfara þau vinnubrögð sem hafa verið viðhöfð.

Virðingarfyllst,



---

Valdimar Ingi Gunnarsson,  
Sjávarútvegsþjónustan ehf.

Afrit:  
Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd og Alþingismenn